

Reykjavík, 16. október 2015.

Ingvar Stefánsson
kt.240466-4499.

Orkuveita Reykjavíkur, sameignarfyrtæki, Bæjarhálsi 1, Reykjavík, hér eftir nefnd OR eða fyrirtækið, tilkynnir með bréfi þessu þá ákvörðun fyrirtækisins að veita þér skriflega áminningu vegna háttarlags og framkomu þinnar í starfi, eins og nánari grein verður gerð fyrir hér síðar.


Þann 3. október s.l. var árshátíð fyrirtækisins haldin. Í byrjun næstu vinnuviku á eftir bárust fyrirtækinu kvartanir frá tveimur kvenkyns starfsmönnum varðandi framkomu þína og háttarlag gagnvart þeim þetta sama kvöld. Nánar tiltekið varða kvartanir umræddra starfsmanna framkomu og háttarlag af þinni hálfu sem af lýsingum þeirra að dæma flokkast sem kynferðisleg áreitni. Þannig hafi framkoma þín og háttarlag gagnvart umræddum starfsmönnum verið með öllu óviðeigandi og óforsvaranleg og lýst sér meðal annars í beinum snertingum.

Í kjölfar framlagninga kvartana, sem að framan greinir, var haldinn fundur með þér, ásamt forstjóra og starfsmannastjóra. Á fundinum var af hálfu fyrirtækisins gerð nánari grein fyrir kvörtunum, þær yfirfarnar og ræddar. Af umfjöllun fundar sem og af viðbrögðum þínum á sama fundi verður ekki annað ráðið en að þú gangist við þeim atvikum, sem kvartanir taka til. Á fundinum kom jafnframt fram sú skýra og afdráttarlausa afstaða fyrirtækisins að framkoma og háttarlag, sem um ræðir, sé litin mjög alvarlegum augum og verði aldrei liðin innan fyrirtækisins.

Með vísan til framanritaðs tilkynnir OR hér með þá ákvörðun fyrirtækisins að veita þér skriflega áminningu vegna framangreindrar framkomu og háttarlags. Veiting áminningar er ávallt alvarlegur hlutur og getur leitt til þess, bæti starfsmaður ekki ráð sitt, að ráðningarsamningi fyrirtækisins við hann verði sagt upp eða rift án fyrirvara og án frekari aðvarana. Af hálfu OR er hér með skorað á þig að bæta ráð þitt og með því tryggja að framkoma og háttarlag, sem að framan greinir, endurtaki sig ekki.

Af hálfu forstjóra og starfsmannastjóra hafa mál er varða heilsufarsvanda þinn verið yfirfarnir á fundum með þér. Það er skýr og afdráttalaus afstaða fyrirtækisins að forsenda áframhaldandi starfa þinna á vegum þess sé háð því að þú leitir nú þegar lækninga í þeim tilgangi að fá bót meina þinna. Jafnframt er það krafa af hálfu fyrirtækisins að í framhaldi hefjir þú samtalsmeðferð vegna þeirra atvika sem eru ástæða áminningar sem greinir í bréfi þessu. OR mun hafa forgöngu um að velja sérfræðing sem falið verður að annast um og ljúka samtalsmeðferð samkvæmt því sem að framan greinir.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkuveitu Reykjavíkur -
sameignarfyrtækis



Bjarni Bjarnason,
forstjóri.

Móttakið, 16. október 2015



Ingvar Stefánsson